

---

## Borgarfjarðarvegur nr. 94, Njarðvík og Njarðvíkurskriður

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 11. október 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Borgarfjarðarvegi nr. 94, Njarðvík og Njarðvíkurskriður, Borgarfjarðarhreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarfjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Borgarfjarðarvegur nr. 94, Njarðvík og Njarðvíkurskriður. Kynningarskýrsla, Vegagerðin, september 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Borgarfjarðarhreppi með bréfi dags. 25. október 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvubréfi dags. 2. nóvember 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 22. október 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. október 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 7. nóvember 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdasvæðið sé um 4,8 km langur kafli innan við Ytri-Hvannagilsá að Landsenda. Vegurinn verði að stærstum hluta í núverandi vegstæði. Um verður að ræða styrkingu og afréttingu á núverandi vegi. Styrktarlag verði endurnýjað, lagt burðarlag og klæðning með tilheyrandi lagfæringum á vegfláum. Víða verði skeringar meðfram vegi, flestar grunnar hliðarskeringar, en nokkrar stærri til að auka sjónlengdir í beygjum.

Á um 700 m kafla verður vikið frá núverandi vegi og miðar lagning hans á þessum kafla við að draga úr krappa í beygjum. Endurbyggður vegur verði með bundnu slitlagi um 6,5 m breiður í Njarðvík út að Njarðvíkurskriðum, en þar verði vegbreidd 7,7 m.

Fram kemur að áætluð efnisþörf sé um 112.000 m<sup>3</sup>, þar af komi um 84.000 m<sup>3</sup> úr skeringum í vegstæði. Áætlað sé að úr Ytri-Hvannagilsá, þar sem lagfæra þurfi farveg vegna ræsagerðar og úr Njarðvíkurá komi alls 20.000 m<sup>3</sup>. Efni í burðarlag og klæðningu, alls 7.500 m<sup>3</sup>, verði fengið úr klapparskerðingu ofan vegar í Neðra — Vatnsskarði (Sprengibrekku).



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Gróður, fuglar og fiskur

Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Mólendi sé á stuttum kafla og annars hálf eða lítt gróið land sem muni skerðast lítillega. Tímabundin áhrif kunni að verða á fugla og fiska á meðan á framkvæmdum standi. Sjóbirtingur gangi upp í Njarðvíkurá en ekki í miklu magni og þar séu ekki seld veiðileyfi. Áhrif á gróður, fugl og fisk verði óveruleg.

### Ásýnd og landslag

Fram kemur að þar sem nýr vegur fylgi núverandi vegi að mestu leyti verði áhrif á landslag takmörkuð. Sáð verði í vegkanta tegundum sem henta fyrir svæðið en fláar í Njarðvíkurskriðum verði ekki græddir upp þar sem þeir falli betur inn í landslagið ógrónir.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á landslag vegna aukinna skeringa. Stofnunin telji að unnt eigi að vera að draga nokkuð úr þessum áhrifum í Njarðvíkurskriðum með því að forðast að mynda „skápa“ í hlíðina og sama eigi við um bergskeringu sem ætti að reyna að vinna í samfellu alla skeringuna.

Í frekari svörum Vegagerðarinnar kemur fram að við hönnun vegarins séu gerð þversnið sem sýni m.a. allar útlínur, fláa, fyllingar og ekki síst útlit skeringa. Í Njarðvíkurskriðum og reyndar verkinu öllu, sé gert ráð fyrir jöfnum skeringum og við framkvæmd verksins sé ekki heimilt að víkja frá því yfirborði sem þar er ákveðið bæði í skriðum og í bergskeringum.

Í skriðunum verði skeringar lítillega umfram efnispörf vegna afvötnunar, öryggissvæða, nauðsynlegrar sjónlengdar og einnig til að fá samfellu í yfirborðsfrágang og útlit.

Að framkvæmdinni lokinni verði gengið frá námunni í samráði við fulltrúa landeiganda, sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

### Meningarminjar

Fram kemur að óvíst sé hvort framkvæmdin muni hafa áhrif á fornleifar en rannsókn muni fara fram á því. Vitað sé um gamlar reiðgötur neðan við vegstæðið á Landsenda sem muni ekki verða fyrir áhrifum við framkvæmdina en ekki verði hróflað við Skriðnakrossi.

Minjastofnun Íslands bendir á að samkvæmt bráðabirgðaskýrslu Fornleifastofnunar Íslands séu sex minjar taldar í stórhættu. Fjórar af þeim, Naddakross (NM-209:003), þúst (NM-209:054), tóft (NM-209:055) og gerði (NM-210:017) eru í 20 til 44 m fjarlægð frá miðlínu vegarins og þurfi að merkja þær, t.d. með veifum, á meðan á framkvæmdinni stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Einnig þurfi að gera verktökum grein fyrir staðsetningu eftirtalinna fornleifa til að koma í veg fyrir rask af vangá: Hólatóft (NM-209:008), tóftir (NM-209:056), mógrafir (NM210:034) og þúst (NM-210:035).

Ljóst sé að götur á gamalli leið um Njarðvíkurskriður (NM-209:005) og leifar af gamla veginum sem ruddur var 1950 (NM-209:058) muni að litlu leyti fara undir vegfláa. Skráning þessara minja sé fullnægjandi mótvægisáðgerð en hvatt sé til þess að þeim verði hlíft eins og mögulegt sé.

Minnt sé á að ekki megi staðsetja vinnubúðir og geymslusvæði fyrir vélar og efni á stöðum þar sem fornleifar eru, eða í næsta nágrenni slíkar staða.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Borgarfjarðarhrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt viðauka X, liður 2.6, við reglugerð vegna vinnslu jarðefna.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu um 5 km langs vegar innan við Ytri-Hvannagilsá á Landsenda í Borgarfjarðarhreppi og vegurinn verði að stærstum hluta á núverandi vegstæði.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, og ónæði. sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða og mun fyrirhuguð veglagning að mestu fylgja núverandi vegi. Með framkvæmdinni er umferðaröryggi bætt með því að rétta úr kröppum beygjum, auka sjónlengdir og breikka veginn um Njarðvíkurskriður. Á framkvæmdatíma mun gæta rykmengunar og einhverjar truflanir verða á umferð um veginn.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Á framkvæmdasvæðinu eru nokkrar fornminjar en að mati Minjastofnunar Íslands eru aðgerðir s.s. merking tiltekinna fornminja nægileg auk þess að að gera verktökum grein fyrir staðsetningu fornleifa til að koma í veg fyrir rask af vangá. Leifar af gamla veginum sem ruddur var 1950 munu að litlu leyti fara undir vegfláa og Minjastofnun telur að skráning þessara minja sé fullnægjandi mótvægisáðgerð en hvatt er til þess að þeim verði hlíf eins og mögulegt er.

Framkvæmdasvæðið nýtur ekki verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og áhrif á landslag verða ekki umfangsmikil þar sem vegurinn verður að mestu endurbyggður í núverandi vegstæði. Frávik frá vegstæðinu eru á stuttum köflum í Njarðvíkurskriðum sem munu hafa í för með sér auknar skeringar í skriðunum og munu skriðusár við það stækka. Í Njarðvíkurskriðum og reyndar verkinu öllu, er gert ráð fyrir jöfnum skeringum og við framkvæmd verksins.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: Stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa. sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við endurbætur á Borgarfjarðarvegi nr. 94, Njarðvík og Njarðvíkurskriður, felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag. Áhrifin verða varanleg og skriðusár sem fyrir eru vegna skeringa í Njarðvíkurskriðum munu óhjákvæmilega stækka. Áhrifin munu verða allnokkur á vegfarendur en ekki veruleg umfram það sem nú er.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 27. desember 2018.

Reykjavík, 22. nóvember 2018

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson